

geti af því þekt meistarann, þá skal eg lúta þér. Eins og mennirnir, þarfnast eg hans. Eg er viltur í myrkri lífsins og þrái útkömu út úr því til ljóssins, sannleikans, fegurðarinnar og nýrrar tilveru, sýndu mér veginn! Eg er mannleg vera. Hataðu mig, sláðu mig, ef þú vilt, en dragðu mig úr forarpolli kæruleysisins. Eg þrái að verða betri en eg er—hvað á eg að gera. Kenn þú mér!”

Get eg, hugsaði eg, fullnægt kröfum þeim, sem menn geta réttlátlega gert til mín? Lífið verður dimmt, efasemdanna skuggar vefjast þéttar um hugann og einhverja ráðning verður að finna. Eg veit bara það eitt, að það er ekki að ánægjunni að leita skal, það er ekki í henni að finna þýðing lífsins og innri frið. Hún ein fullnægir ekki. Þýðing lífsins liggur í fegurðinni og framsóknarkeppninni að ná vissum takmörkum, en hver breyting tilverunnar hlýtur að stefna hátt.

Að ná háu takmarki var einu sinni unt—þó hélt þá hið gamla fyrirkömulag mörgu bundnu og höft voru lögð á hugarflug mannsins.

Nú sat þessi herra við hlið mér brosandí og sá eg það að hann var í djúpum þönkum.

„Margir hafa fæðst og dáið hér í heimi, en fá eru minnismerkin, sem mér hafa verið sett. Hvernig er því varið? En tölum ekki um það liðna—það fyllir mann öfund! Því nú á tíð er það enginn sem eftirskilur nokkurt merki þess að hann hafi verið til. Menn sofa—og enginn vekur þá. Þeir þurfa svipuna og svo yhlý kærleikans armalög á eftir. Vertu ekki hræddur um að þú meidir þá. Ef þú berð hlýjan hug til þeirra, þó þú reidir svipuna munu þeir skilja tilgang þinn og taka við hirtgunni samkvæmt honum. En þegar þeim sviður eftir höggid, þá sýndu þeim góðfúslega ástúð þína og munu þeir þá eins og endurfæðast. Menn eru ætíð eins og börn, þó þeir á stundum villi okkur sjónir með ódádaverkum sínum og spiltu hugsunum. Þeir þarfnast leiðbeiningar, umönnunar og vinarþels og þess að einhver flytji sálum þeirra holla fæðu. — Veist þú hvernig á að elska mennina?”